

LISTIR

Norræna húsið Kvikmynda- sýning fyrir börn

SÆNSKA kvikmyndin „Nya hyss av Emil i Lönneberga“ sem er byggð á bók eftir Astrid Lindgren verður sýnd í Norræna húsinu á sunnudag kl. 14.

Uppátæki Emils eru óteljandi og í þessari kvikmynd fáum við enn á ný að kynnast ævintýrum hans í Kattholti.

Sýning myndarinnar tekur um eina og hálfa klukkustund og er með sænsku tali. Allir eru velkomnir og er aðgangur ókeypis.

Síðasta sýn- ingarhelgi

UM helgina lýkur myndlistarsýning- um Ólafar Einarssdóttur, í Stöðla- koti, og Önnu Jóhannsdóttur í Gall- erí Sólóni Íslandus.

Óluf sýnir spjaldofin veggverk og skúlptúra, meðal annars úr hör, hrosshári og sísal. Stöðlakot er við Bókhöfustíg 6 og opið er frá kl. 14–18.

Anna sýnir stór olumálverk af mannum í náttúrunni. Hún leggur áherslu á kraft og hreyfingu. Gallerí Sólón er á efri hæð kaffihússins við Bankastræti.



ÆFINGAR standa nú yfir á Jörfaglesi, sýningu Svöluleikhússins.

Nýtt íslenskt verk í Borgarleikhúsi

ÆFINGAR á Jörfaglesi, sýningu Svöluleikhússins, eru í fullum gangi um þessar mundir enda stýttist í frumsýningu sem verður 8. nóvember nk. Danshöfundur er Auður Bjarnadóttir og tónlist er eftir Hákon Leifsson. Dansarar Íslenska dansflokksins taka þátt í sýningunni, en auk þeirra koma fram leikarar og tónlistarmenn.

Í fréttatilkynningu segir: „Sýningin er í þjóðlegum anda og er

stuðst við minni úr íslenski dans- og tónlistarhefð um miðja átjándu öld. Sýningin fjallar um bælda og undirokaða alþýðuna sem fer á einu skemmtun ársins að Jörfa. Sagan segir að þegar fólk kom til Jörfa hafi verið stígninn dans, kveðin ástarkvæði (vikivakar), leiknir ýmsir leikir og margháttuð skrípalæti og lausung í frammi höfð. En engin sæla varir að eilífu og mörg konan gekk heim þyngrir en hún kom.“

Nýjar bækur

■ ÚT ER komin bókin **Að eignast barn – getnaður, meðganga og fæðing** eftir dr. Miriam Stoppard sem er breskur sérfræðingur í fæðingaráhrifum og barnalækningum.

Eins og nafn bókarinnar gefur til kynna fjallar hún um allt sem snýr að getnaði, meðgöngu og fæðingu barns, svo sem umönnun þess á fyrsta æviskeiði. Þroskaferli fósturs í móðurkviði er lýst nákvæmlega, ráð gefin varðandi mataræði og heilsufar og einnig við þeim vandamálum sem upp kunna að koma á meðgöngunni.

Í bókinni eru persónulegar frásagnir þar sem lögð er áhersla á að lýsa sérstökum þörfum og tilfinningum verðandi foreldra.

Útgefandi er Forlagið. Bókin er innbundin í stóru broti. Hún er prýdd ljósmyndum, teikningum, ómsjármyndum og línurítum, samtals eru í bókinni yfir 500 litmyndir. Guðsteinn Þengillsson læknir þýddi bókina og lagaði að íslenskum aðstæðum. Hún er fyrst um sinn á sérstöku kynningarverði sem er 4.950 krónur.

EDESA PVOTTAVÉLAR Á FRÁBÆRU VERÐI.

- 850 snúningar á mín.
- Tekur 5 kg. af þvotti.

Aðeins 47.750 kr.
Staðgreitt.

RAFTÆKJAVERZLUN ÍSLANDS HF
Skútuvoði 1, 104 Reykjavík,
Sími: 688660 - FAX 680776.

Listasafn Íslands

Sýning á verkum Ásgerðar Búadóttur

SÝNING á úrvali verka Ásgerðar Búadóttur verður opnuð í Listasafni Íslands nk. laugardag kl. 15. Sýningin er önnur í röð nýrrar sýninga- raðar um starfandi íslenska lista- menn.

Í fréttatilkynningu segir: „Ásgerður hefur að verðleikum hlotið mikið lof fyrir myndvefnað sinn og verið í fremstu röð á því sviði. Í verkum sínum túlkar hún kenndir sínar til landsins með svipuðum hætti og frumherjarnir í íslenskri list og notar eiginleika miðilsins til hins ítrasta.“

Ásgerður nam myndlist við Handíða- og myndlistarskólann í


Reykjavík í tíð Kurt Zier og við Listaháskólann í Kaupmannahöfn á árunum 1946-49. Næstu árin leit- aði hún fyrir sér á ýmsum sviðum myndlistar, þ. á m. í grafík, en haustið 1949 keypti hún sér lítinn vefstól til að hafa með sér til Íslands. Árið 1956 hlaut hún gullverð- laun fyrir verk sín á alþjóðlegri list- iðnaðarsýningu í München.

Verk Ásgerðar er víða að finna í opinberri eigu hér á landi og er- lendis. Sýningin verður opin dag- lega nema mánudaga frá kl. 12-18. Kaffistofa safnsins er opin á sama tíma. Sýningunni lýkur 18. desem- ber.

Hringur opnar tvær málverkasýningar

HRINGUR Jóhannes- son opnar tvær mál- verkasýningar á morg- un, laugardag. Í Lista- safni ASÍ við Grensás- veg verða sýnd rúmlega 30 olumálverk og í Gallerí Fold, Laugavegi 118, 25 pastelmýndir.

Síðast sýndi Hringur í Norræna húsinu fyrir tveimur árum. Sýningin í ASÍ verður opnuð kl. 14 og síðan opin dag- lega frá kl. 14–17, lok- að á miðvikudögum, en sýningin í Gallerí Fold er opin frá kl. 10–18 nema sunnudaga, þá er opið frá kl. 14–18.



HRINGUR Jóhannesson



Sinfóníetta á Húsa- vík og Akureyri

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT Norðurlands hefur annað starfsárið um helgina með sinfóníettónleikum. Á þeim verður leikin tónlist frá fyrri hluta aldarinnar eftir Luciano Berio, Jacques Ibert og Darius Milhaud. Leikið verður í Tónlistarskóla Húsa- víkur á laugardag klukkan 20.30 og í Akureyrarkirkju á sunnudag klukkan 17. Stjórnandi á tónleikunum verður Guðmundur Óli Gunnarsson.

Hvað Berio varðar, er ekki um að ræða venjulega tónsmíð heldur sjö þjóðlög í útsetningu hans, tvö lög eftir hann sjálfan og ástarð sem skrifaður var eftir 78 snúninga hljómplötu þjóðlagabands frá Asj- erbaijan. Saman heita löginn „Folk Songs“ og voru á sínum tíma tileink- uð þáverandi eiginkonu Berios, mezzósópran söngkonunni Cathy Barberian.

Það er Anna Sigríður Helgadóttir sem syngur löginn með Sinfóníu- hljómsveit Norðurlands, en Anna býr á Sauðárkróki um þessar mundir og kennir þar söng. Ýmsir muna eftir henni úr sönghópnum „Emil og Anna Sigga“, en nú haslar hún sér völl sem klassískur einsöngvari. Hún hóf söngnám hjá John Speigt, var í Söngskólanum í Reykjavík og dvaldi síðast í þrjú ár á Ítalíu og nam hjá Rinu Malatrasi.

Verk Milhauds er ballettinn „Sköpun heimsins“. Það er aðgengi- legt, þó að það hafi þótt framúr- stefnulegt þegar það var frumflutt árið 1923.

Verk Iberts, „Divertissement“ er sannkolluð tívöf-tónlist og ef grannit er hlustað má heyrna ýmislegt kunn- ulegt í gleðilátunum.

Myndasögur og maurakallar

BJARNI Hinriksson opnar mynd- listarsýningu í Gallerí Greip, Hverfisgötu 82, á morgun, laug- ardag, kl. 17. Þetta er fyrsta einkasýning Bjarna, en hann hef- ur tekið þátt í samsýningum hér- lendis og í Frakklandi. Sýningin ber yfirskriftina „Myndasögur og maurakallar“. Til sýnis verð- ur myndasagan „Vafamál“ og nokkrar yngri og eldri maura- kallateikningar.

Bjarni útskrifaðist frá mynda- sögudeild École Régionale des Beaux-Arts í Frakklandi 1989 og hefur fengið við myndasögugeroð síðan. Á samt öðrum teiknurum hefur hann staðið fyrir útgáfu myndasögublaðsins GISP! en sögur eftir hann hafa einnig birst í Morgunblaðinu, Víkublaðinu og ýmsum tímaritum.

Sýningin stendur til 9. nóvem- ber og er opin alla daga nema mánudaga frá kl. 14–18.

**Heimili
að heiman í
Kaupmannahöfn**

Vandaðar,
ferðamannaíbúðir
miðsvæðis í
Kaupmannahöfn
Verð á mann frá dkr
143- á dag.

Allar íbúðirnar eru með
eldhúsi og baði.
Hafðu samband við
ferðaskrifstofuna þína eða

In Travel Scandinavia
Sími (9045) 33 12 33 30
Fax. (9045) 33 12 31 03
*Verð á mann miðað við 4 í íbúð í viku

juice

**Nýjar vörur
Gott verð**

Fallegur fatnaður
fyrir börn
til 12 ára aldurs.
Einnig á þau yngstu.

Sporið
barna- og hannyrðaverslun,
Grímshæ, Efstalandi 26, sími 812360.